

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Hafnarfirði, 13. nóvember 2012
Málsnr. 1211002

Efni: Umsögn Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðarbæjar um frumvarp tillaga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 msbr.

Í bréfi þessu er sett fram umsögn Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðarbæjar sbr. erindi Umhverfis- og samgöngunefndar þann 31. október 2012.

Í greinargerð frumvarpsins segir að með þessu frumvarpi eru lagðar fram breytingar á lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun. Breytingunum er ætlað að tryggja virkni laganna og skýrleika, svo og að tryggja að fagleg sjónarmið ráði við flokkun virkjunarkosta og gerð verndar- og orkunýtingaráætlunnar. Lagt er til að við lögin bætist við nýtt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að ráðherra kalli saman að nýju þá verkefnisstjórn um rammaáætlun sem skilaði skýrslu sinni í júní 2011 og feli henni að gera tillögu að flokkun virkjunarkosta.

Með þessu móti sé verið, eftir fremsta megni, að tryggja sátt um ákvarðanir um verndun og nýtingu landsvæða og orkuauðlinda. Þetta þýðir að ákvörðun um vernd og orkunýtingu sé byggð á faglegum sjónarmiðum, ekki pólitískum.

Hafnarfjarðarbær tekur undir að skynsamlegt sé að ákvörðun um verndun og orkunýtingu sé byggð á faglegum grundvelli, vísindalegum gögnum, gagnsærri aðferðarfræði og þeirri ítarlegu vinnu sem síðasta verkefnisstjórn um rammaáætlun hefur innt af hendi og fær nú tækifæri til að ljúka. Með því móti verður vonandi unnt að skapa sátt um þetta annars umdeilda mál. Allar niðurstöður verða því byggðar á niðurstöðum fagaðila og sérfræðinga.

Hafnarfjarðarbær styður markmið frumvarpsins í megindráttum en vill undirstrika gildi samráðs og umsagnar- og athugasemdarferlis þar sem bærinn á mikla hagsmuna að gæta í Krýsuvík.

Berglind Guðmundsdóttir

Landslagsarkitekt fíla

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður
Sími 585 5619 | GSM 664 5619



www.hafnarfjordur.is